

Hönnun og prjón kjólanna: Aðalbjörg Jónsdóttir

Handprjónaðir ullarkjólar. Hönnun og prjón Aðalbjörg Jónsdóttir. Þarna má glöggt sjá hvernig hugur og hönd geta gjört, og hvernig hið forna fatagerðarefni, íslenska bandið, getur aðlagast nútímanum.

Litið inn á listiðnaðar-sýninguna á Kjarvals-stöðum



Gamall íslenskur búningur.

Jónas Guðmundsson:

Listiðnaður

Að standa á sannfæringu sinni

Ef við reynum að koma auga á tengsl milli fortíðar og nútíðar, er ekki svo auðvelt að greina með vissu, hvað haldbest hefur orðið gegnum tíðina. Á þetta bæði við siði og eins við muni og aðra framleiðslu.

Heimurinn hefur líka skroppið saman, japanskar vörur eru við hliðina á íslenskum, þýskum og dönskum í svo að segja hvaða búð sem er, og við nánari athugun sjáum við að til hafa orðið einhverjar alheims neysluvenjur á öllum sviðum mannlífsins, sama hvort um er að ræða t.d. listsköpun, eða iðnaðarvörur.

Afturhvarf

Það er því í meira lagi örðugt að fella hið þjóðlega að þessum ósköpum, einkum fyrir smáþjóðir sem verða að staglast á grófri ull og súrmeti alla tíð og bjóða kæstan hákarl eða í nefið í iðnaðarmunaði heimsins.

Á hinn bóginn hafa menn orðið í seinni tíð varir við ofurlitla þreytu á stórframleiðslu fjölþjóðamarkaðsins, þrátt fyrir góðar vörur og hóflegt verð. Við greinum nú, eða þykjumst gjöra það, ofurlitla tilhneigingu til afturhvarfs. Þetta birtist í einhvers konar nýrri heimspeki, sem lifir enn sem komið er að mestu með harðsnúnum þrýstihópum, en ekki með hinu raunverulega valdi, er heldur uppi verðbólgunni og vísitölugrundvellinum meðal þjóðanna.

Við sjáum þetta til dæmis í auknum áhuga fyrir húsafriðun,



Unnur Ágústsdóttir, formaður Bandalags kvenna í Reykjavík.

áhuga á landvernd, hreinu vatni, áhuga á að fuglalífi sé ekki útrýmt, já og menn eru byrjaðir að taka sútaðar gærur og leður framyfir gallon og plast, og ull framyfir nylon og acryl, svo eitthvað sé nefnt.

Allt þetta hefur síðan orðið til þess að framsýnir menn hafa reynt að endurvekja fornar matarvenjur og klæðagerð, fornan stíl og þjóðlegan og aðlaga hann með einhverjum hætti iðnaðarvélum og fjöldaframleiðslu.

En forsenda slíkra hluta er ekki aðeins markaðskerfi og vélar, heldur líka þau þekkingarbrot er varðveitst hafa gegnum aldirnar og sú listræna vinna og reynsla sem fyrir hendi er í landinu.

Með þetta í huga er fróðlegt og gagnlegt að sjá sýningu er Bandalag kvenna í Reykjavík heldur nú að Kjarvalsstöðum, en þar sýna milli þrjátíu og fjörutíu konur ullarvinnu, leirmuni, batik og silfurmuni, en auk þess verða uppákomur, söngur og fl. er konur annast, en markmið þessarar sýningar er að sameina nútíð og fortíð.

Um listiðn.

Það er einkar athyglisvert að lesa stutta grein Hrafnhildar Schram, listfræðings, í sýningarskrá, en þar segir m.a. á þessa leið:

„Það er erfitt fyrir okkur, sem lifum á síðari hluta tuttugustu aldarinnar, að gera okkur grein fyrir því, hve mikil áhrif iðnbyltingin hafði á líf forfeðra okkar.

Um miðja 19. öldina var iðnbyltingin í algleymingi úti í heimi. Í staðinn fyrir listhandverksmenn, sem áður nutu virðingar fyrir samræmingu handverks og listar, var nú komin fram ný stétt, snauðra og lítilsvirtra iðnverkamanna sem lifðu á sultarlaunum í fátækrahverum stórborganna.

Megin hluti þess iðnvarnings sem boðinn var til kaups var ofskreytt fjöldaframleiðslu, sem sökum lágs framleiðslukostnaðar fékk gífurlega útbreiðslu. Iðnrekendur sáu sér leik á borði og framleiddu þúsund hluti fyrir sama verð og áður hafði fengist fyrir vandaðan handunninn hlut.


Þegar vélin leysti listiðnaðarmanninn af hólmi, rofnaði margara alda verkkunnátta, svo og hið oft persónulega samband milli þessa sem bjó hlutinn til og kaupandans.

Sú hugsjón hefur síðar orðið ofan á, að fegurðin eigi að lúta notagildinu og koma þar til margvísleg áhrif, ekki síst frá þýska lista og handverksskólanum Bauhaus (1919-1933) sem á ekki svo lítinn þátt í hagnýti og fegurð daglegs umhverfis.

Íslenskur listiðnaður, sem á síðustu áratugum hefur hafist til vegs og virðingar, á enn í vök að verjast fyrir ódýrri fjöldaframleiðslu, sem oft er fánýtt glingur sem spillir smekk og sljóvgar skyn manna.

Hugsjónastarf þess fólks, sem haldið hefur fast við sannfæringu sína og kröfur um hámarksgæði hefur borið ríkulegan ávöxt. Ræktunarstarf þetta er tvíþætt, bæði að endurreisa fornar hefðir svo sem vefnaðar, silfursmíði og tréskurðar og hinsvegar að beina íslenskum hagleik og hugviti inn á nýjar brautir. Því er ekki seinna vænna að sinna fornri hefði, sem um tíma hafði verið á undanhaldi og hætt er við að margvísleg tækni hefði fallið í gleymsku, hefðu ekki nýjar kynslóðir náð sambandi við hinar eldri í tæka tíð til að varðveita verkkunnáttu. Þá er vitanlega ekki átt við að herma eigi afstöðulaust eftir hinu gamla, heldur beita gömlum aðferðum til persónulegrar sköpunar".

Það er ekki mjög auðvelt að skilgreina orðið „listiðnaður" í sjálfu sér. Hvort þar er átt við handverkið sjálft, muni sem einstaklingar gjöra sjálfir eða hvort orðið hefur víðtækari merkingu, að listiðnaður sé hönnunarvinna, er síðan fari í framleiðsluiðnaðinn í mismunandi stóru upplagi? Ég hygg þó að það sem sýnt er á Kjarvalsstöðum (sumt), gefi ákveðna vísbendingu um möguleika á framleiðslu á förgum munum, með því að endurtaka frumgerðina í iðnaði, en úr sama hráefni og í hæfilegu magni.



Veggteppi eftir Vigdísi Kristjánsdóttur (teikning Jóhann Briem).

Sýnendur.

Sem áður sagði, sýna 30-40 konur muni á sýningunni. Sumar eru þekktar listakonur, og þær eru á öllum aldri, og stöku verk eru frá fyrri tíð.

Það eru ullarvörurnar sem virðast í fljótu bragði „íslenskastar". Silfursmíði hefur að vísu verið stunduð frá upphafi vega hér, en leir hefur verið mestur í skáldskap. Það er þó einhvern veginn greiðust leið að þjóðlegu yfirbragði í ullarvörunum.

Þetta eru yfirleitt mjög vel gerð verk, vönduð og listræn í senn. Ég treysti mér ekki til þess að brjóta þessi verk til mergjar, en vil nefna nöfn örfárra kvenna, er sýna athyglisverð verk, en það eru: Hanna Ragnarsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Borghildur Óskarsdóttir, Elísa Jónsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir, Jóhanna Hjaltadóttir, Katrín Ágústsdóttir, Kristrún Benediktsdóttir (f. 1878), Vigdís Kristjánsdóttir, Vigdís Pálsdóttir og Þórunn Egilson.

Um leirmunina og silfurmunina almennt er örðugra að dæma út frá þeirri forsendu er hér er skilgreind að framan. Þetta eru ákaflega fágaðir og fagrir gripir, en það er aftur örðugra að skilgreina „þjóðlegheitin" og hið séríslenska gildi þeirra.

En þetta er aðdáunarverð sýning sem allir ættu að sjá.

Sú var tíðin að íslenskar búvöruafurðir heyrðu fyrst og fremst undir söðaskap á erlendum höfnum, saltaðar gærur, hrosshúðir og blóðið flaut um bryggjurnar í regninu innan um blástein og grút.

Nú hefur orðið á þessu mikilvæg breyting. Smám saman hefur verið að þróast hér vandaður og virðingarverður listiðnaður, sem selst erlendis, og margar hendur fá vinnu og vinnan er undirstaða þess mannlífs er við viljum lifa. Öll þjóðin stendur því í þakkarskuld við það fólk er hefur „haldið fast við sannfæringu sína og kröfur um hámarksgæði" eins og Hrafnhildur Schram orðar það svo réttilega.

Jónas Guðmundsson